



**98. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar  
Fimmtudaginn 7. nóvember 2006, kl. 17:00.**

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson, setti fund og stjórnaði honum.  
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.
2. Erindi frá Vilgó, dags. 23. október og 25. október 2006.
3. Fundarboð á aðalfund Vilgó.
4. Erindi frá Markaðsskrifstofu Norðurlands.
5. Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands.
6. Erindi frá HSB.
7. Skipulagsmál.
8. Fjárhagsáætlun 2006 og 2007
  - Helstu atriði vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2006.
  - Fjárhagsáætlun 2007.
9. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.**  
*Ráðstefnan verður haldin á Hótel Nordica dagana 16. og 17. nóvember nk.  
Bæjarstjórn sækir ráðstefnuna.*
2. **Erindi frá Vilgó, dags. 23. október og 25. október 2006.**  
*Dags. 23. október: Óskað er eftir að hluthafar falli frá forkaupsrétti að 5% hlut en  
stjórn Vilgó hefur undirritað viljayfirlýsingu um að kaupa F-61 sem nemur þeim hlut.  
Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsréttinum.*  
  
*Dags. 25. október: Greint er frá því að Tækifæri hf. hafi hug á að selja hlut sinn í  
Vilgó og er hluthöfum gefinn kostur á að kaupa hann.  
Bæjarráð samþykkir að kaupa hlut á kaupvirðinu kr. 242.184,-*
3. **Fundarboð á aðalfund Vilgó.**  
*Fundurinn verður haldinn 9. nóvember nk. Bæjarráð sækir fundinn.*
4. **Erindi frá Markaðsskrifstofu Norðurlands.**  
*Þess er farið á leit að bæjarstjórn að samningur við Markaðsskrifstofuna verði  
endurnýjaður í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.*  
  
*Bæjarráð samþykkir að endurnýja samninginn til 3ja ára. Bæjarráð óskar eftir  
aðkomu Markaðsskrifstofunnar að stefnumótun í ferðamálum.*
5. **Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands.**  
*Fram lögð til kynningar ályktun, samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélag Íslands,  
þess efnis að sveitarfélög eru hvött til að auka vægi skógræktar í vinnslu aðals- og  
deiliskipulags.*
6. **Erindi frá HSB.**  
*Lagðar fram gjaldskrárbreytingar varðandi máltíðir sem stofnunin selur til eldri  
borgara ásamt hækkun á akstri vegna flutningsins.  
Bæjarráð samþykkir gjaldskrárbreytingarnar.*



## 7. Skipulagsmál.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra, dags. 6. nóvember sl.

- Samþykkt að halda sameiginlegan vinnufund með skipulags-, byggingar- og veitunefnd vegna skipulagsmála.
- Erindi frá Glaðheimum ehf. vegna deiliskipulags í Brautarhvammi þar sem óskað er eftir fundi til viðræðna um deiliskipulagið. Samþykkt að boða fulltrúa Glaðheima ehf. á sameiginlegan fund um skipulagsmál.
- Erindi frá Sorphreinsun VH. ehf. Vilhelm Harðarson sækir um lóð við Ægisbraut 12 á Blönduósi. Samþykkt að boða fulltrúa Sorphreinsunar VH. á sameiginlegan fund um skipulagsmál.
- Lárus B. Jónsson f.h. Búrfjalla ehf sækir um lóð fyrir einbýlishús við Sunnubraut 5.  
Bæjarráð samþykkir umsóknina.
- Lárus B. Jónsson f.h. Búrfjalla ehf sækir um 3 lóðir við Blöndubýggð. Bæjarráð samþykkir úthlutun umræddra lóða skv. núgildandi deiliskipulagi enda verði framkvæmdir hafnar innan 2ja ára. Varðandi frekari atriði erindis bréfitara fellst bæjarráð ekki á þá ósk að svæðið við Blöndubýggð verði breytt úr íbúðabyggð í frístundabyggð.
- Erindi frá Valdimari Guðmannssyni þar sem hann skorar á skipulags- og byggingarnefnd að skipuleggja frístundabyggð undir brekkunni innan ár. Lagt fram til kynningar.

## 8. Fjárhagsáætlun 2006 og 2007

### - Helstu atriði vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2006.

Lögð fram vinnugögn frá bæjarstjóra.

### - Fjárhagsáætlun 2007.

Lögð fram vinnugögn frá bæjarstjóra.

Bæjarráð samþykkir að eiga vinnufund um fjárhagsáætlun nk. fimmtudag, kl. 17:00.

## 9. Önnur mál.

a. **Boðsbréf.** Fram lagt boðsbréf til bæjarstjórnar frá Sýslumanninum á Blönduósi, en þann 11. nóvember nk. kl. 14 verður Innheimtumiðstöð sekta- og sakarkostnaðar opnuð formlega af Birni Bjarnasyni, dómsmálaráðherra, í sýsluskrifstofunni að Hnjúkabyggð 33.

**Fundargerð upplestin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:10.**

Héðinn Sigurðsson  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson  
Ágúst Þór Bragason

Jóna Fanney Friðriksdóttir

Áheyrnarfulltrúi:  
Valdimar Guðmannsson